

Heyrnar- og talmeinstöð Íslands
08 807

Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Heyrnar- og talmeinstöð Íslands
kt. 490379-0379
Háaleitisbraut 1, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Heyrnar- og talmeinstöð Íslands er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 24 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Heyrnar- og talmeinstöð Íslands er miðstöð þekkingar í heyrnar- og talmeinum á Íslandi. Stofnunin veitir þjónustu á landsvísu og er það hlutverk hennar að þjóna þeim sem eru heyrnarskertir, heyrnarlausir eða með talmein. Stofnunin veitir viðtæka þjónustu á sviði heyrnar- og talmeina fyrir börn, fullorðna og fjölskyldur þeirra, án tillits til stigs heyrnarskerðingar eða talmeina.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 484,7 milljónir og afkoma kr. -60,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -25 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 180,4 milljónir.

Neikvæð afkoma tengist aðallega hækkun kostnaðarliða vegna sölu heyrnartækja og fjölgun kuðungsígræðslna umfram áætlun. Framlög og greiðslur til stofnunnar greiddar í samræmi við áætlun og myndast því halli á árinu 2018.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands fyrir árið 2018 með undirritun sinni.



Staður, dags.


Forstöðumaður

Yfirlit um afkomu ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	3	173.100.000	174.630.061
Seld þjónusta	4	8.148.054	11.093.229
Vörusala		182.308.185	133.589.956
Framlög og ýmsar tekjur	5	116.502.141	124.130.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	3	4.662.038	4.479.857
Tekjur samtals		484.720.418	447.923.103
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	6	224.497.824	195.923.601
Framlög og tilfærslur		1.078.885	1.378.494
Annar rekstrarkostnaður	7	311.353.299	220.324.920
Afskriftir	8	4.662.038	4.479.857
Gjöld samtals		541.592.046	422.106.872
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		(56.871.628)	25.816.231
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		2.332.901	3.802.875
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	9	(6.251.224)	(6.188.738)
		(3.918.323)	(2.385.863)
Afkoma ársins		(60.789.951)	23.430.368
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur		(62.311.066)	24.808.862
Rekstrartilfærslur		1.521.115	(1.378.494)
		(60.789.951)	23.430.368

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr	31.12.2018	31.12.2017
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	10		
Áhöld, tæki og búnaður		17.924.814	15.116.536
Farartæki og vélar		7.841.935	9.156.240
		<u>25.766.749</u>	<u>24.272.776</u>
Fastafjármunir samtals		<u>25.766.749</u>	<u>24.272.776</u>
Veltufjármunir			
Birgðir		65.748.564	72.870.361
Viðskiptakröfur		17.777.997	20.220.563
Tengdir aðilar	11	18.793.639	18.793.639
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		763.018	10.401.363
Handbært fé	12	51.541.110	36.421.999
		<u>154.624.328</u>	<u>158.707.925</u>
Veltufjármunir samtals		<u>154.624.328</u>	<u>158.707.925</u>
Eignir samtals		<u>180.391.077</u>	<u>182.980.701</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	13		
Hrein eign		(25.043.437)	35.746.514
Eigið fé samtals		<u>(25.043.437)</u>	<u>35.746.514</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	11	98.241.401	54.520.106
Viðskiptaskuldir		48.179.906	44.221.626
Ýmsar skammtímaskuldir	14	32.502.469	24.219.679
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	15	26.510.738	24.272.776
		<u>205.434.514</u>	<u>147.234.187</u>
Skuldir samtals		<u>205.434.514</u>	<u>147.234.187</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>180.391.077</u>	<u>182.980.701</u>
Aðrar upplýsingar	16		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(60.789.951)	23.430.368
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	4.662.038	4.479.857
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(4.662.038)	(4.479.857)
		<u>(60.789.951)</u>	<u>23.430.368</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		12.080.911	(19.120.593)
Birgðir		7.121.797	(28.168.148)
Skammtímaskuldir		12.241.070	21.383.022
		<u>31.443.778</u>	<u>(25.905.719)</u>
		<u>(29.346.173)</u>	<u>(2.475.351)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	10	(6.156.011)	(2.469.939)
		<u>(6.156.011)</u>	<u>(2.469.939)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		43.721.295	12.481.353
Fjárfestingarframlag		6.900.000	2.469.939
		<u>50.621.295</u>	<u>14.951.292</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		15.119.111	10.006.002
		<u>36.421.999</u>	<u>26.415.997</u>
		<u>51.541.110</u>	<u>36.421.999</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða stýðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreltingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrningu og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrningunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver visbending sé um virðisýrningu. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrningartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að fráðregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að fráðregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu. Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir eru fasteignir sem hafa þann tilgang að afla leigutekna. Fjárfestingareignir eru færðar á gangvirði. Við matið er stuðst við áætlað söluvirði eignanna eða núvirt framtíðarsjóðsflæði einstakra eigna. Áætlað tekjuflæði eignanna tekur aðallega mið af þeim leigusamningum sem eru í gildi. Áætluð rekstrargjöld og viðhald fasteigna er dregið frá leigutekjum. Við núvirðinguna er stuðst við þau vaxtakjör sem standa stofnuninni til boða. Breytingar á gangvirði fjárfestingareigna eru færðar undir liðinn matsbreyting fjárfestingareigna í yfirlit um afkomu. Fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar.

Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í janúar 2019. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í yfirlit um afkomu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að fráðreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skýringar

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjárskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgögnukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Lántaka

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði, að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði og mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er færður í yfirlit um afkomu að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Skýringar

	2018	2017
3 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	180.000.000	177.100.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	(6.900.000)	(2.469.939)
Tekjufærsla fjárveitinga	173.100.000	174.630.061
Tekjufærsla frestaðra tekna	4.662.038	4.479.857
	<u>177.762.038</u>	<u>179.109.918</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	177.400.000	2.600.000	0	180.000.000
Launbætur	(800.000)	0	0	(800.000)
Fjárveiting til rekstrar flokkuð sem fjárfestingafjárveiting	(6.900.000)	0	0	(6.900.000)
Millifærslur milli fjárlagaliða	800.000	0	0	800.000
Fjárveiting til tekna	170.500.000	2.600.000	0	173.100.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(232.811.066)	(1.078.885)	0	(233.889.951)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(62.311.066)	1.521.115	0	(60.789.951)

	2018	2017
4 Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	8.148.054	11.083.779
Ýmsar þjónustutekjur	0	9.450
	<u>8.148.054</u>	<u>11.093.229</u>

5 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	760.000	0
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	115.742.141	124.130.000
	<u>116.502.141</u>	<u>124.130.000</u>

6 Laun og launatengd gjöld

Laun	176.170.233	155.763.028
Orlof, breyting	5.717.438	3.291.804
Launatengd gjöld	40.556.201	35.570.059
Starfsmannakostnaður	2.053.952	1.298.710
	<u>224.497.824</u>	<u>195.923.601</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	22	21
------------------------------	----	----

Skýringar

	2018	2017
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	873.668	1.232.267
Byggingarvörur, almennar	3.490	0
Ýmis tæki og áhöld	594.176	779.573
Varahlutir og viðhaldsvörur	385.988	67.812
Orkugjafir	1.309.713	1.641.392
Matvæli	4.099.203	3.635.476
Almennar rekstrarvörur	413.910	240.999
Vörukaup, almenn	7.680.148	7.597.519
Lyf og tengd efni	7.061	9.329
Lækninga- og hjúkrunarvörur	928.514	1.197.178
Sjúkrahústæki og áhöld	163.521	0
Kennslu- og föndurvörur	112.069	149.907
Ýmsar sérgreindar vörur	122.791	182.860
Vörukaup, sérgreind	1.333.956	1.539.274
Fundir, námskeið, risna	1.272.140	1.018.254
Ferðir, uppihald	4.975.616	4.127.475
Akstur	2.774.087	798.749
Sérfræðipjónusta	17.554.395	15.210.536
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	1.450.506	1.478.903
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.461.971	2.462.393
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	4.478.180	5.253.325
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	33.966.895	30.349.635
Afnotagjöld	10.180.516	6.667.697
Leigugjöld	25.304.400	22.219.158
Notkun véla og flutningatækja	57.800	40.000
Verkkaup	8.932.681	6.456.379
Tryggingar, lögboðnar	198.385	188.162
Opinber gjöld	122.250	120.458
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	45.253.467	35.691.854
Vörukaup I	223.118.833	145.146.638
Vörur til endursölu og birgðabreyting	223.118.833	145.146.638
Annar rekstrarkostnaður samtals	311.353.299	220.324.920

Skýringar

	2018	2017	
8 Afskriftir			
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h.	1.484.144	1.454.807	
Lækninga- og rannsóknartæki	1.863.589	1.710.745	
Farartæki og vélar	1.314.305	1.314.305	
	<u>4.662.038</u>	<u>4.479.857</u>	
9 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap			
Fjármagnskostnaður	252.290	209.160	
Gengistap, endurmat	5.998.934	5.979.578	
	<u>6.251.224</u>	<u>6.188.738</u>	
10 Varanlegir rekstrarfjármunir	31.12.2018	31.12.2017	
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:			
Áhöld og búnaður	17.924.814	15.116.536	
Farartæki og vélar	7.841.935	9.156.240	
	<u>25.766.749</u>	<u>24.272.776</u>	
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2018:			
	Áhöld og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 1.1.2018	26.505.998	13.143.060	39.649.058
Viðbætur á árinu	6.156.011	0	6.156.011
	<u>32.662.009</u>	<u>13.143.060</u>	<u>45.805.069</u>
Afskriftir 1.1.2018	11.389.462	3.986.820	15.376.282
Afskrift ársins	3.347.733	1.314.305	4.662.038
	<u>14.737.195</u>	<u>5.301.125</u>	<u>20.038.320</u>
Staða 31.12.2018	<u>17.924.814</u>	<u>7.841.935</u>	<u>25.766.749</u>
11 Tengdir aðilar	31.12.2018	31.12.2017	
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.			
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>			
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	18.793.639	18.793.639	
	<u>18.793.639</u>	<u>18.793.639</u>	
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>			
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	96.573.872	54.520.106	
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	1.667.529	0	
	<u>98.241.401</u>	<u>54.520.106</u>	

Skýringar

	31.12.2018	31.12.2017
12 Handbært fé		
Sjóðir	46.000	46.000
Tékkareikningar	51.495.110	36.375.999
	<u>51.541.110</u>	<u>36.421.999</u>

13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	31.12.2018	31.12.2017
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	35.746.514	(6.477.493)
Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar	0	18.793.639
Afkoma ársins	(60.789.951)	23.430.368
Jöfnuður 31.12.	<u>(25.043.437)</u>	<u>35.746.514</u>

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 18,8 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrirætlum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017.

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerða til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

14 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2018	31.12.2017
Ógreitt orlof	27.802.881	22.085.443
Ógreidd laun	0	1.317.924
Önnur ógreidd gjöld	36.898	493.134
Skattar	4.662.690	323.178
	<u>32.502.469</u>	<u>24.219.679</u>

Skýringar

15 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2018	31.12.2017
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	25.766.749	24.272.776
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	743.989	0
	<u>26.510.738</u>	<u>24.272.776</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2018	24.272.776	0	24.272.776
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	6.900.000	6.900.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	6.156.011	(6.156.011)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(4.662.038)	0	(4.662.038)
	<u>25.766.749</u>	<u>743.989</u>	<u>26.510.738</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2018 munu kr. 4,7 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

16 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samning um húsnæði sem er ótímabundin. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 23,6 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.